

# Reglur

## um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

### 1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi æskulýðs - og mannúðarsamtaka sem ekki er rekin í ágóðaskyni, sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### 2. gr.

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) eru fasteignaeigendur á Akureyri
- b) reka starfsemi sína í húsnæðinu með lögheimili á Akureyri, sbr. 1. gr. reglna þessara, með þeim undantekningum sem greinir í 3. gr. reglna þessara
- c) starfsemin skal vera mannúðar- og góðgerðarstarfsemi sem er rekin í almannabágu eða í þágu æskulýðs
- d) um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginstefnu að vera unnin í sjálfbodavinnu félagsmanna og ná út fyrir ræðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannaheill og samfélagið
- e) starfsemin má ekki njóta sammingsbundinna rekstrarstyrkja frá Akureyrarbæ eða ígildi þeirra
- e) starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins ef þær tekjur eru eingöngu nýttar til reksturs húsnæðisins, sbr. þó 3. gr. reglna þessara

### 3. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema álögðum fasteignaskatti.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 1. og 2. gr. jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og skal þá leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnæðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallega sem því svarar.

Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrði reglnanna, í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela fjármálastjóra fullnaðarafgreiðslu mála skv. reglum þessum á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 54. gr. samþykktar um stjórn Akureyrarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Heimilt er fjármálastjóra að vísa álitamálum til bæjarráðs.

Aðila er heimilt að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

5. gr.

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð. Eyðublöðin má einnig nálgast á heimasíðu Akureyrarbæjar <http://www.akureyri.is/is/ibuagatt/umsoknir>

Með umsókn um styrki skal fylgja ársreikningur sl. rekstrarárs, lög félagsins þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemina.

6. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar endurskoðar reglur þessar í desember ár hvert.

Samþykkt í bæjarráði þann 23. mars 2006.

Samþykkt í bæjarstjórn 4. apríl 2006.

Endurskoðað og samþykkt í bæjarráði 20. desember 2012

Samþykkt í bæjarstjórn 15. janúar 2013